

Umhverfisverkefni

Verkamaður III (með flokkstjórn)

Vestmannaeyjabær leggur sérstaka áherslu á hreinsun og fegrun umhverfis yfir sumartímann. Flokksstjóri hefur umsjón með tilteknum hópi sumarstarfsmanna og stýrir daglegum verkum þeirra.

Starfshlutfall: 100 %

Vinnufyrirkomulag: Alla virka daga frá kl. 8-16 (30 mín. matartími)

Ráðningartímabil: Frá miðjum maí mánuði til 18. ágúst

Helstu verkefni:

- Almenn vinna við umhverfisstörf við hlið vinnuflokks
- Stýrir vinnuflokki í verkefnum dagsins. Starfar nokkuð sjálfstætt en eftir verkplani yfirmanns.
- Ber ábyrgð á verkefnum vinnuflokks hverju sinni og flutningi hans á milli staða. Ber auk þess ábyrgð á að koma upplýsingum til yfirmanns.
- Flokkstjóri fylgist með því að notaður sé viðeigandi öryggis- eða hlífðarbúnaður og sér til þess að gengið sé frá á viðeigandi hátt í lok dags, fylgist með því að allt sé til sem þarf að nota og lætur vita eða sækir ef eitthvað vantar.
- Þjálfun og leiðsögn vinnuhóps.

Hæfniskröfur:

- Góð almenn verkkunnátta
- Þarf að hafa bílpróf
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Vestmannaeyjabæjar.
- Umsækjandi þarf að vera orðin 18 ára
- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki
- Gott vinnusiðferði
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af starfi með unglingum kostur
- Frumkvæði, áreiðanleiki, stundvísi, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi

Laun skv. kjarasamningi: Stavey/Drífandi

Upplýsingar um starfið veitir Erna Georgsdóttir í síma 488 2000 og ernag@vestmannaeyjar.is